

BORGARRÁÐ 23. júlí 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vinnu aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks varðandi göngugötur og akstursþjónustu - R20070141

1. Með hvaða hætti, ef nokkuð, beitti aðgengis- og samráðsnefndin sér varðandi 10. gr. nýrra umferðarlaga sem kveður á um heimild fatlaðs fólks að aka göngugötur og leggja í merkt stæði? 2. Hvernig hefur aðgengis- og samráðsnefndin, ef eitthvað, beitt sér fyrir því að skilti og merkingar í borginni sem sýna rétt handhafa stæðiskorta séu samkvæmt landslögum? Hér er átt við skilti sem sýna rétt þeirra sem eru með P-merki. Þeir mega bæði keyra og leggja á göngugötum. 3. Hvernig beitti aðgengis- og samráðsnefndin sér í að haft yrði samráð við hagsmunasamtök fatlaða í útboðsmálum sameiginlegrar akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu? 4. Hversu oft hafa ofangreind mál verið sett á dagskrá aðgengis- og samráðsnefndarinnar og hvernig hafa þau verið afgreidd út úr nefndinni?